

Greining : Fiskeldi á Vestfjörðum


Jón Páll Hreinsson / Neil Shiran Þórisson

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

10. maí 2016

Staðan á Vestfjörðum

Gert er ráð fyrir að sú uppbygging sem nú þegar er hafin endi í 40-50 þúsund tonna eldi. Nú þegar er búið að fjárfesta fyrir á 8. milljarð og á annað hundrað starfa í eldi orðið til samfara því.



Vestfirðir og staðan

greiningar.atvest.is

Aðstæður á Vestfjörðum – Atvinnulífið og hagkerfið

- Vestfirðir byggja afkomu sína fyrst og fremst á veiðum og vinnslu og þá sérstaklega bolfiskveiðum og vinnslu
 - Á norðanverðum Vestfjörðum skipta rækjuveiðar og vinnsla líka töluverðu máli.
- Hagvöxtur hefur verið lítil enda takmörk fyrir hvað er hægt að vaxa í einsleitu hagkerfi sem byggir á hefðbundnum sjávarútvegi.
- Ferðaþjónusta er vaxtargrein á svæðinu
- Segja má að atvinnulíf á Vestfjörðum þrífist vegna nýtingu á sjávarauðlindinni og þarf því að vera á varðbergi fyrir nýjum atvinnugreinum sem hafa áhrif á það.
- Það er eðlilegt að hugsað sé um samspil ólíkra atvinnugreina og möguleg neikvæð áhrif.

Samspil eldis og kjarnaatvinnugreina

Brýnt að eldi geti unnið saman með kjarna atvinnugreinum og vaxtar atvinnugreinum svæðisins.

Hvaða áhrif getur eldi haft á hefðbundnar veiðar og villta fiskistofna?

- Í kringum sjókvíar getur verið töluvert af villtu sjávarlífi
 - Þetta hefur verið rannsakað víðsvegar s.s. í Skotlandi (Carss 1990) og Noregi (Bjordal & Skar 1992).
 - Fiskurinn sækir í þá próteinríku fæðu sem verður afgangur við fóðrun fiska í kvíum og ýmis skel- og krabbadýr nærast á lífrænum úrgangi.
 - Þetta villta dýralíf nálægt kvíunum minnkar áhrif eldis á hafsbótinn með því að éta það fóður sem ekki er étið af fiskum í kvíunum
 - Þetta getur minnkað úrganginn sem fellur á hafsbótinn allt að 80% (Dempster *et al.* 2005 og Vita *et al.* 2004).
- Sum staðar er villtur fiskur í nálægð við kvíarnar í betra ástandi en annar nálægur villtur fiskur (Fernandez-Jover *et al.* 2006).
 - Þetta eru oft mikilvægar fisk- og skelfisktegundir fyrir viðkomandi strandsvæði

Heimild: Dempster *et al.*, 2006: Coastal Aquaculture and Conservation can work together. Mar Ecol Prog Ser 314: 309–310.

Áhrif á ferðapjónustu

- Í skoskri rannsókn (Fiona Nimmo og Rod Cappell 2009) þá kom fram að mikill meirihluti ferðamanna töldu fiskeldi vera nauðsynlegt fyrir ákveðin strandsvæðasamfélög og að sjókvíar væru ekki að eyðileggja strandlengjuna, né væru ferðamenn ólíklegir til að heimsækja svæði þar sem sjókvíar væru.
- Í kanadískri rannsókn þá voru eingöngu 5% ferðapjóna sem höfðu áhyggjur af eldinu og töldu það mögulega ógnun við sína starfsemi, sér í lagi vegna þess að þau voru í sérhæfðri ferðapjónustu sem gerði út á laxeldi (Young og Matthews, 2010).
- Ferðamenn á Vestfjörðum höfðum skilning á uppbyggingunni og meirihlutinn taldi fiskeldið ekki hafa mikil eða frekar mikil áhrif á þeirra upplifun af Vestfjörðum.

Heimildir: Assessment of evidence that fish farming impacts on tourism, Fiona Nimmo and Rod Cappell, April 2009

The Aquaculture Controversy in Canada, Nathan Young and Ralph Matthews, 2010

Hagræn áhrif

	Magn í tonnum	Magn í tonnum
	40.000	10.000
Framleiðsluverðmæti í milljónum króna	23.880	5.970
Fjöldi ársverka	526	132
Heildarlaunagreiðsla í milljónum króna	2.866	716
Meðalárslaun í milljónum króna	5,44	5,44

	Magn í tonnum	Magn í tonnum
	50.000	10.000
Störfin sem skapast		
Almenn störf	411	103
Skrifstofu og stjórnunarstörf	84	21
Önnur sérhæfð störf	32	8
Kynjaskipting starfa		
Störf fyrir karlmenn	463	116
Störf fyrir kvenmenn	63	16
Fjölskylduhagir		
Fjöldi maka	332	83
Fjöldi barna	431	108

Heildaraukning íbúa vegna laxeldis 1.289 322